

Starfsþróun eflir nemendamiðaða faglegra forystu (Professional Development for Student Centered Leadership)

Lokaskýrsla Erasmus+ verkefnis 2017-2018

Menntaskólinn við Sund

Project Summary

The main elements to be mentioned are: context/background of the project; objectives; number and type/profile of participants; description of undertaken activities; results and impact attained; if relevant, longer-term benefits.

Skólinn vill framfarir á öllum sviðum skólastarfsins og leggur því áherslu á starfsþróun til nemendamiðaðar faglegrar forystu bæði á sviði náms og kennslu sem og á þjónustusviðinu. Markmiðið er að efla starfsþróun til faglegrar forystu í gegnum erlent samstarf á sviði starfendarannsókna sem ná nú bæði til kennara og starfsmanna á þjónustusviði, sérfræðinga á bókasafninu, námsráðgjöf, fjármálastjóra, námskrárstjóra, millistjórnenda og kennara í dönsku, félagsfræði, fjölmiðlafræði, frönsku, íslensku, lýðræðisvitundar og stærðfræði. Tilgangurinn er að ná betur markmiðum skólans og bjóða upp á framsækið skólastarf sem gerir nemendur hæfari til þátttöku í nútímalegu fjölmenningarlegu og alþjóðlegu umhverfi. Skólinn vill finna leiðir til þess að auka sveigjanleika í námi til þess að geta betur komið til móts við þarfir allra nemenda og til að minnka brotthvarf. Markmið skólans er að bjóða nemendum fyrsta flokks nám óháð því á hvaða námsbraut þeir eru og góða þjónustu á öllum sviðum skólastarfsins. Þessum markmiðum nær skólinn m.a. með því að efla grunnfærni nemenda, þekkingu, leikni og hæfni þeirra í námsgreinum skólans og virkja frumkvæði nemenda og starfsmanna. Einnig er mikilvægt að efla alla þjónustu við nemendur og laga hana að nýjum starfsháttum og nýtingu á nýju húsnæði skólans. Áhersla er lögð á góða kennslu og fjölbreytilega kennsluhætti, nýtingu upplýsingatækni í kennslu, góðan tækjakost, samvinnu við fyrirtæki og stofnanir og símenntun starfsmanna. Í forgrunni eru fjölbreyttir náms- og kennsluhættir, öflugt þróunarstarf, góður undirbúningur fyrir háskólanám og fagleg ráðgjöf sem og alþjóðlegt samstarf nemenda og kennara og sjálfstæð vinnubrögð nemenda. Aukin notkun upplýsingatækni í öllu námi gerir kröfu til þess að stoðdeildir skólans svo sem bóka- og upplýsingamiðstöð fylgist með nýjungum og séu virkir þátttakendur í nýsköpun á þessu sviði. Þörf er á aukinni færni allra starfsmanna til að mæta þörfum nýrrar kynslóðar nemenda (digital natives) sem nú eru komin í skólana. Áhersla er lögð á öflugna starfsþróun starfsfólks bæði á starfstíma skóla og utan hans. Starfsfólk er hvatt til þátttöku í fagfélögum, erlendu samstarfi innan faggreina og kennslufræði, samstarfi innan fagdeilda skólans og þverfagslegs samstarfs milli faggreina í skólanum.

Fagstjórar stýra starfi fagdeilda og ýmsir verkefnisstjórar sinna þverfaglegu samstarfi. Tilgangurinn með þessu er að efla og bæta faglegt starf og þar með faglega ímynd kennarastarfsins. Áhersla er lögð á starfendarannsóknir til að efla fagmennsku og starfsþróun kennara og annarra starfsmanna og er sérstakur verkefnisstjóri sem stýrir starfi 18 manna rannsóknarhóps kennara auk ytri ráðgjafa.

Alls fóru 17 starfsmenn í námsferðir í verkefninu Starfsþróun eflir nemendamiðaða faglega forystu, 15 konur og 2 karlar. Tveir stjórnendur þ.e. námskrárstjóri og fjármálastjóri, 6 millistjórnendur sem einnig eru kennarar að aðalstarfi, 4 kennarar, 2 námsráðgjafar, 2 bókasafnsfræðingar og ráðgjafi starfsmanna. Þátttakendur komu af ólíkum sviðum og kennslugreinum þ.e. dönsku, félagsfræði, fjölmiðlafræði, frönsku, hagfræði, íslensku, lýðræðisvitund, stærðfræði og af þjónustusviðinu. Aldursdreifingin var þannig að einn var á milli þrítugs og fertugs, þrír voru á milli fertugs og fimmtugs, fjórir á milli fimmtugs og sextugs og níu yfir sextugt.

Námsráðgjafar MS, forstöðumaður námsráðgjafar og náms- og starfsráðgjafi sóttu ráðstefnu UKAAN (UK ADHD Network) um ADHD í London í september 2017. Sjá nánar á <https://www.ukaan.org/adhd-in-the-mainstream/> Ráðstefnan bar yfirskriftina ADHD in the Mainstream: Impairment – Impact – Innovation. Á ráðstefnunni var fjallað um greiningu og meðferðarúrræði fyrir einstaklinga með ADHD bæði hjá unglingum og fullorðnum. Virtir sérfræðingar á ýmsum sviðum og fólk með reynslu af ADHD fluttu þar erindi en meðvitund og þekking á nauðsyn stuðnings og meðferðarúrræða fyrir fólk með ADHD hefur aukist mikið á síðustu árum. Námsráðgjafarnir fengu hér tækifæri til að auka hæfni sína á þessu meðferðarsviði.

Fimm úr starfendarannsóknarhópi MS, fjórir kennarar og námskrárstjóri sóttu ráðstefnu eða Feilte (Festival of Education in Learning and Teaching Excellence) undir yfirskriftinni Sharing Teaching Connecting Learning í Dublin, Írlandi í október 2017. Ráðstefnuna sóttu yfir 1000 manns og þar voru yfir 50 kynningar á þróunarstarfi og starfendarannsóknum kennara í skólum á Írlandi. Sjá nánar á heimasíðu þeirra <https://www.teachingcouncil.ie/en/FEILTE/FEILTE-2017/>. Ráðstefnan hefur verið haldin árlega síðan 2013 og er skipulögð af the Teaching Council á Írlandi. Þarna fengu kennarar MS að kynna rannsóknir og þróunarstarfi kennara í Írlandi þar sem áherslan hefur verið á nám og virkni nemenda eins og í MS og þátttakendur fengu tækifæri til að mynda tengsl við kennara þar. Einnig fór hópurinn í skólaheimsókn í framhaldsskólann Munckross Park College í Donnybrook í Dublin.

Fjórir fulltrúar úr starfendarannsóknarhópnum sóttu tveggja daga ráðstefnu, Research Symposium og samstarfsfund í the International School of París í Frakklandi í mars 2018. Yfirskrift ráðstefnunnar var "Education for Complexity". Sjá vefsíðu skólans <http://www.isparis.edu/> og fésbókarsíðu skólans <https://www.facebook.com/ISParis/>. ICP leggur áherslu á að kennarar rannsaki sitt starf og nýsköpun í starfi eins og MS og ICP hefur svipaða áherslu og MS á virkni nemenda og vilja að nemendur uppgötvi það sem þeir læra í gegnum sína eigin reynslu (learning by doing). Starfendarannsóknarhópar ICP og MS héldu Research Symposium ráðstefnu þar sem þrír frá ISP og tveir frá MS héldu erindi. Einnig kynntu fleiri kennarar í ISP rannsóknir sínar fyrir fulltrúum frá MS. Þátttakendur komu bæði úr starfendarannsóknarhópi kennara MS og nýstofnuðum starfendarannsóknarhópi á þjónustusviði MS. Ráðgjafar hópanna í MS og ICP tóku þátt í ráðstefnunni.

Tveir kennarar í lýðræðisvitund og siðferði sóttu námskeiðið Teaching Creativity in Schools í Ljubljana í Slóveníu um kennslu skapandi hugsunar í mars 2018. Þar var byggt á aðferðafræði Edward de Bono en hann setti hugmyndir sínar um kennslu

„lateral and creative thought“ m.a. fram í bók sinni „Six Thinking Hats. Sjá nánar um hugmyndir de Bono á <https://www.edwddebono.com/ideas>.

Einn hagfræðikennari sótti ráðstefnu Euroclio, (European Association of History Educators) í apríl 2018 í Marseilles í Frakklandi. Yfirskrifin var: “The Mediterranean, casting light on Europe. Meetings, exchanges, migrations, conflicts and cultures”. Þarna var áherslan á sögu Evrópu, fólksflutninga og menningu. Þar kom fólk alls staðar að úr Evrópu og kynnti sitt starf, nýjungar í kennslu og námsgagnagerð. Það er mjög mikilvægt fyrir kennara að hafa tækifæri til að kynnst alþjóðlegu starfi á sínu fagsviði og mynda tengsl við evrópska sögukennara.

Starfsmenn bóka- og upplýsingamiðstöðvar MS, nýráðinn forstöðumaður og fyrrverandi forstöðumaður fóru í viku kynnis- og þjálfunarferð (job shadowing) í the International School of Amsterdam í Hollandi og fleiri stofnanir í maí 2018. Bókasafn skólans var endurnýjað 2014, það er þrískipt og einn hlutinn þjónar eingöngu efri bekkjum skólans og var lögð áhersla á að skoða starfsemi þess. Sjá nánar á vef skólans <https://www.isa.nl>. Áhersla er á sjálfbærni og tækninýjunar ennfremur á þjónustu við nemendur með tækniþekkingu (digital native). Ennfremur á þjónustu safnsins almennt svo sem kennslu í upplýsingalæsi. Skoðuð var uppbygging safna í Amsterdam, einkum á rafrænu efni (Overdrive) og notkun þess, upplýsingaþjónustu, notkun rafræns efnis, einkum rafræns kennsluefnis, svo og rafræn upplýsingaþjónusta.

Fagstjóri í dönsku fór í viku kynnis- og þjálfunarferð í Gefion Gymnasium í Kaupmannahöfn í Danmörku 19.-23. nóvember en fresta varð þeirri ferð vegna veikinda starfsmanns. Við þökkum Erasmus+ fyrir þann sveigjanleika að framlengja verkefnið út af þessari starfsspeglun. Gefion Gymnasium heldur úti metnaðarfullu skólastarfi og í skólanum eru gerðar tilraunir með stærri ritunarverkefni þar sem leiðsagnarmat (formative evaluation) er nýtt og svokallað sýnilegt nám (Visible learning) þar sem lögð er áhersla á að nemendur séu meðvitaðir um það hvað þeir eiga að læra og hvers vegna og hvernig þeir geti séð/fundið að þeir hafi tileinkað sér námsefnið. Þeir setja sér námsmarkmið og nota eins konar "framfaraviðmið" til að fylgjast með hvernig náminu miðar. Aðferðin byggir á kenningum John Hatties um Visible learning (<https://visible-learning.org/john-hattie/>). Sjá vef skólans <http://www.gefion-gym.dk>.

Öll erlendu samstarfsverkefni þjóna þeim tilgangi að efla starfsfólkið til faglegrar forystu til að verða öflugri til að leiða innleiðingu þeirra breytingar á skólastarfinu sem hrint var í framkvæmd haustið 2016, nýtt þriggja ára kerfi, kennslufræði um virkni og ábyrgð nemenda, ný námskrá með þriggja ára stúdentsprófi. Einnig er mikilvægt að nýta nýja húsnæðið sem allra best t.d. nýja bóka- og upplýsingamiðstöð. Verkefnið samræmast stefnu skólans og skapa ný tækifæri til starfsþróunar og stuðla að aukinni ánægju í starfi. Verkefnið efla nám og kennslu í ýmsum deildum skólans og stuðla að eflingu bóka- og upplýsingamiðstöðvar, námsráðgjafar og stjórnunar skólans. Skólaheimsóknir og ferðir á ráðstefnur stuðla að því að uppgötva ný tækifæri fyrir starfseminu og miðla þeirri þekkingu til samstarfsfólks og nýta hana öllum starfsmönnum og nemendum til hagsbóta.

Tilgangurinn er að auka forystuhæfni og félagslega færni starfsfólks við að innleiða breytingar á skólastarfinu í MS í gegnum alþjóðleg samstarfsverkefni og ráðstefnur. Markmiðið er að auka starfshæfni kennara, stjórnenda, námsráðgjafa, bókasafnsfræðinga og annars starfsfólks skólans. Áherslan í ár var á samstarfsverkefni á sem flestum starfssviðum skólans því mjög mikilvægt er að öll stoðkerfin styðji af krafti við innleiðingu breytinga á skólastarfinu og taki faglegra forystu

Í umbótastarfinu við innleiðingu nýs þriggja anna kerfis, nýrrar námskrár og kennslufræði um virkni og ábyrgð nemenda á námi sínu. Markmiðin eru hæfara starfsfólk, betri liðsheild, meira lýðræði, meiri árangur í starfi og öflug skólaþróun í átt að verkefnamiðuðu námi í þriggja anna kerfi með nýja námskrá þar sem nemandinn er í brennidepli, skapandi námstækifæri með áherslu á nám virkni hans og ábyrgð á náminu. Markmiðið með öllum þessum breytingum á skólustarfinu er að gera það lýðræðislegra, sveigjanlegra, nútímalegra, fjölbreyttara og að minnka brotthvarf úr skólanum.

Description of the project

To what extent were the objectives of the European Development Plan achieved? How were they reached? Please comment on any objectives that were not achieved in the project. Please describe achievements that exceeded initial expectations.

Markmið skólans er að stuðla að stöðugri starfsþróun starfsmanna skólans í gegnum nám alla ævi m.a. með því að hvetja þá til að vera á faraldsfæti milli Evrópulanda til að auka þekkingu sína og víðsýni og til að auka hæfni sína til þátttöku í lýðræðilegu og fjölmenningarlegu samfélagi. Þetta er mjög í anda yfirlýsingar Evrópusambandsins um lýðræði, frelsi, jafnræði og umburðarlyndi í mannlegum samskiptum.

Markmið skólans er að auka gæði og sveigjanleika í námi til að geta betur komið á móts við þarfir nemenda. Við innleiðingu á nýrri námskrá og nýju þriggja anna kerfi í skólanum höfum við að leiðarljósi kennslufræði um virkni og ábyrgð nemenda á námi sínu sem byggir á fjölbreyttri skapandi verkefnavinnu nemenda. Námsferðir starfsmanna á Féilte, ISP, Creative thinking, EUROCLIO, ADHD og kynnisferðir á bókasöfn efla hæfni þeirra til að vinna í anda þessarar kennslufræði og fá margvíslegar nýjar hugmyndir til að vinna úr í sinni kennslu og þjónustustarfi fyrir nemendur MS. Þetta eykur hæfni starfsfólks MS til að innleiða grunnþætti menntunar m.a. um lýðræði, frumkvæði og sköpun sem er í anda stefnu Evrópusambandsins frá 2006 um átta færniþætti til að tileinka sér til að verða árangursríkur og virkur samfélagsþegn.

Markmið skólans er að minnka brotthvarf nemenda m.a. með nýju þriggja anna kerfi og áherslu á kennslufræði sem krefst aukinnar beinnar þátttöku nemenda í skólustarfinu og aukins lýðræðis. Okkur hefur nú þegar tekist að minnka brotthvarf töluvert og brotthvarf nýnema er nú með því lægsta í framhaldsskólum landsins, sjá tölur menntamálaráðuneytisins um brotthvarf nýnema 2016-2017 á bls. 16 í skýrslu á heimasíðu MS en þar er birt á myndriti að brotthvarf nýnema í MS er 3% og þriðja lægsta í framhaldsskólum landsins. Þetta er í anda stefnu Evrópusambandsins og Evrópuráðsins um markmið menntakerfisins í Evrópu.

How did the participating organisations contribute to the project? What experiences and competencies did they bring to the project?

Á Research Symposium í International School of Paris héldu tveir þátttakendur frá MS erindi annars vegar um nýja kennslufræði um virkni og ábyrgð nemenda og þriggja anna kerfið í MS og hins vegar um ráðgjöf fyrir kennara í starfendarannsóknarhópi MS frá 2005-2018. Tveir fulltrúar ISP héldu einnig erindi annars vegar um þróun starfendarannsóknarhópsins þar sl 3 ár og hins vegar um fyrirhugað starf á næsta

skólaári og fræðin á bak við rannsóknirnar. Einnig kynntu þrír hópar kennara sínar starfendarannsóknir fyrir íslenska hópnum.

Á námskeiði EUROCLIO tók þátttakandinn virkan þátt í lærdómsferlinu í gegnum fyrirlestra, vinnustofur, skólaheimsóknir og umræðuhópa um sögukennslu. Ein úr hópnum (ekki þó styrkþegi) er formaður EUROCLIO og tekur hún þátt í undirbúningi og skipulagningu námskeiða EUROCLIO.

Kennarar og starfsfólk á þjónustusviði í öllum hópnum hafa geta nýtt ýmsar hugmyndir í sínu starfi eftir að heim er komið og miðlað til annarra starfsmanna skólans bæði innan faggreinar og í gegnum þverfaglegt samstarf.

How did you choose the receiving organisations?

Þátttakendur höfðu sjálfir frumkvæði að því að velja þær stofnanir sem þeir heimsóttu og völdu þær ýmist sjálfir eða í samráði við samstarfsmenn sína eða fagfélög. Verkefnisstjóri um erlent samstarf auglýsir meðal allra starfsmanna eftir áhugasömum umsækjendum í nóvember til desember ár hvert og þá er einnig rætt um mögulegt erlent samstarf á fundi starfendarannsóknarhópsins þannig að val þátttakenda er markvisst, lýðræðislegt og gegnsætt innan skólans. Námsráðgjafar völdu sjálfir að fara á ráðstefnu um ADHD í London því mikilvægt er að finna leiðir til að koma betur til móts við þann hóp nemenda. Kennarar í lýðræðisvitund vinna að auknu nemendalýðræði og völdu sjálfir ráðstefnu um skapandi skólustarf í Slóveníu sem er námskeið skipulagt fyrir evrópskt samstarf kennara styrkt af Erasmus+ og fengu þær ábendingu um námskeiðið frá Erasmus+ skrifstofunni á Íslandi. Við fréttum af Féilte í Dublin (ráðstefnu um starfendarannsóknir og þróunarverkefni kennara á Írlandi) á ráðstefnu CARN um starfendarannsóknir sem við sóttum í Lincoln á Englandi 2016 en sú ferð var einnig styrkt af Erasmus+. Kennari í MS útvegaði okkur skólaheimsóknina í Munckross Park College í Donnybrook í Dublin en hún hefur starfað með einum kennara þar í evrópsku samstarfsverkefni í Euroclio. Starfendarannsóknarhópur MS hefur verið í samstarfi við starfendarannsóknarhópinn í International School of Paris (ISP) og ráðgjafa hans Phil Whitehead síðan 2015. Ákveðið var að halda sameiginlega Research Symposium í ISP og fóru fjórir frá MS og héldu tveir þeirra erindi þar. Jobshadowing fyrir bókasafnsfræðinga var skipulögð af hópnum sem fór í ferðina þ.e. bókasafnsfræðingar víðs vegar af landinu í samstarfi við fagfélag þeirra. Euroclio varð fyrir valinu því sögu- og félagsgreinakennarar í MS eru í góðum tengslum við samtökin sem eru mjög öflug, fagleg og starfa á evrópskum samstarfsgrunni. Ein úr sögudeildinni hefur verið formaður samtakanna síðastliðin tvö ár. Kennari sem fór í starfsspeglun til Danmerkur valdi þann skóla sjálf því hún þekkir einn kennara skólans og hafði því heyrt um áhugaverðar áherslur þar í tungumálanámi.

What were the most relevant topics addressed by your project?

- 1) Early School Leaving / combating failure in Education**
- 2) Research and innovation**
- 3) EU Citizenship, EU awareness and Democracy**

In case the topics chosen are different from the ones in the application, please explain why.

Kennarar í lýðræðisvitund breyttu viðfangsefni sínu frá innleiðingu lýðræðislegra vinnubragða yfir í kennslu í skapandi hugsun nemenda vegna þess að fyrra námskeiðið reyndist of dýrt og starfsmenn Erasmus+ á Íslandi bentu á þetta

áhugaverða námskeið í Slóveníu um skapandi skólastarf. Nauðsynlegt var að fresta job shadowing hjá dönskukennara vegna veikinda. Starfmenn Erasmus+ á Íslandi voru upplýstir um málið og okkur var bent á að sækja um framlengingu á verkefninu til desember 2018 til að gera kennaranum kleift að fara í þessa starfsspeglunarferð haustið 2018. Við erum afar þakklát fyrir þá aðstoð sem við fengum á skrifstofu Erasmus+ á Íslandi.

Which activities did you carry out in order to assess the extent to which your project has reached its objectives and produced results? How did you measure the level of success?

Við gátum nýtt okkur könnunina sem fylgir Erasmus+ Mobility tool sem er mjög gagnleg. Mat á ferðunum fór einnig fram á þeim fundum þar sem námsferðirnar voru kynntar og umræður um þær fóru fram þ.e. á fundi starfendarannsóknarhópsins þar sem ferðin á Research Symposium í París var kynnt og rædd, fundi sögukennara þar sem EUROCLIO var kynnt og rædd, og á starfsmannafundi vorið 2018 þar sem ferðir á Féilte í Dublin og ADHD í London voru kynntar og ræddar. Á starfsdegi í upphafi haustannar 2018 munu kennarar í lýðræðisvitund og bókasafnsfræðingar kynna sínar námsferðir á starfsmannafundi.

Implementation of the project

How did the participating organisations manage practical and logistical matters (e.g. travel, accommodation, insurance, safety and protection of participants, visa, work permit, social security, mentoring and support, preparatory meetings with partners etc.)?

Þátttakendur sáu sjálfir um að skrá sig á ráðstefnur og panta flug og hótél í samvinnu við fjármálastjóra og verkefnisstjóra um erlent samstarf. Allir þátttakendur sáu sjálfir um sínar ferðatryggingar og eru allir handhafar evrópska sjúkratryggingarkortsins. Kallað var eftir upplýsingum um nr og gildistíma vegabréfa til að tryggja að þátttakendur lentu ekki í vandræðum út af vegabréfum sínum. Einnig var tryggt að allir þátttakendur höfðu upplýsingar um samferðafólk í hverri ferð og hvert ætti að leita ef eitthvað kæmi upp á í ferðinni. Haldnir voru undirbúningsfundir þar sem farið var yfir Mobility Agreement og hvernig staðið yrði að ferðum til og frá ráðstefnustaðar og verkefnum og samstarfi þátttakenda í hverri ferð.

How were quality and management issues (e.g. setting up of agreements with partners, learning agreements with participants, etc.) addressed and by whom?

Verkefnisstjóri um erlent samstarf hafði frumkvæði að og skipulagði Mobility Agreement í samráði við þátttakendur í hverri námsferð þar sem sett voru fram markmið ferðar, nákvæm dagskrá og upplýsingar um móttakanda (the receiving organisation). Í hverri námsferð var einn af þátttakendunum sem sá um stuðning á meðan á ferðinni stóð, fá staðfestingu móttakanda á þátttöku í hverju verkefni, voru til taks ef eitthvað kæmi upp á í ferðinni. Verkefnisstjóri um erlent samstarf sá um að útbúa Grant agreement fyrir hverja ferð og fylgdi því eftir að þátttakendur svöruðu könnun Erasmus+ um reynsluna af ferðinni. Verkefnisstjóri um erlent samstarf var tengiliður skólans við konrektor og rektor um námsferðirnar.

What kind of preparation was offered to the different types of participants (e.g. task-related, intercultural, linguistic, risk prevention etc.)? Who provided such

preparatory activities? How did you assess the usefulness of such preparatory activities?

Það voru ekki skipulög undirbúningsnámskeið fyrir ferðirnar. Verkefnisstjóri sá um að senda viðeigandi upplýsingar til þátttakenda og halda undirbúningsfundi eftir þörfum.

How were monitoring and/or the support of participants carried out during the project?

Þátttakendur hvers verkefnis sáu um stuðning við hver aðra á meðan á námsferðinni stóð, bæði meðan á ferðum stóð og meðan á dvöl erlendis stóð. Þátttakendur hittust á undirbúningsfundum og einnig á milli viðburða á meðan á námsferðinni stóð til að miðla upplýsingum sín á milli og ræða um reynslu sína og upplifun af námskeiðinu. Þetta er mikilvægt bæði til að festa í minni reynsluna og ýmsar hugmyndir sem kvikna, til að efla námsferlið í gegnum umræður og ennfremur til að efla félagsleg tengls á milli þátttakenda.

Please describe any problem(s) or difficulty you encountered during the project and the solutions(s) applied.

Engin vandamál komu upp í námsferðunum sjálfum.

Vegna veikinda gat dönskukennarinn ekki farið í starfsspeglun til Danmerkur eins og til stóð vorið 2018 en vegna framlengingar á verkefninu gat hún farið í ferðina í nóvember 2018 og erum við mjög þakklát fyrir að verkefnið var framlengt.

Einnig nýttum við hluta af umsýslukostnaðinum til að senda fleiri í námsferðirnar heldur en upphaflega var áætlað.

Did you use parts of the 'organisational support' grant for the linguistic preparation of participants involved in the project?

No

What kind of linguistic support did you offer?

Það var ekki veitt nein aðstoð við undirbúning á sviði tungumála þar sem það var ekki talið nauðsynlegt þar sem allir þátttakendur eru mjög sterkir í ensku en það tungumál var notað í öllum námsferðunum.

Activities

Job Shadowing 1

Structured Courses/Training Events 16

Total 17

Please describe how the activities were organised. What were the working methods used? How did you cooperate and communicate with participating organisations? Please also indicate and explain the reasons for eventual changes between the activities you planned at application stage and those finally realised. If applicable, please explain how eTwinning was used in implementation of the activities.

Námsferðirnar voru fjölbreyttar því um var að ræða alþjóðlega ráðstefnu sérfræðinga, evrópska ráðstefnu kennara, námskeið skipulagt fyrir evrópskt samstarf kennara, ráðstefnu um þróunarverkefni kennara með skólaheimsókn og ráðstefnu (Research Symposium) sem skipulögð var af þátttakendunum sjálfum. Námskeiðin/ráðstefnurnar voru skipulagðar af mismunandi stofnunum og fóru samskiptin við þær fram í gegnum tölvupóst þar sem skráning, pöntun hótélherbergja og fl. var skipulagt í samstarfi við fjármálastjóra.

Engar breytingar voru gerðar á vali stofnana til að heimsækja í námsferðunum nema hjá kennurum í lýðræðisvitund en upphaflega ráðstefnan sem valin var reyndist of kostnaðarsöm. Fresta þurfti jobshadowing ferð til Danmerkur vegna veikinda kennarans.

eTwinning var ekki nýtt við framkvæmd námsferðanna.

Participants' Profile

Please describe the background and profile of the participants (age, gender, ethnicity, professional profile, etc.) that have been involved in the project and how these participants were selected.

Alls fengu sautján starfsmenn Erasmus+ styrki í sjö námsferðum skólaárið 2017-2018. Þetta voru 15 konur og 2 karlar. Aldursdreifingin var þannig að einn var á milli þrítugs og fertugs, þrír voru á milli fertugs og fimmtugs, fjórir á milli fimmtugs og sextugs og níu yfir sextugt. Tveir stjórnendur þ.e. námskrárstjóri og fjármálastjóri, 6 millistjórnendur sem einnig eru kennarar að aðalstarfi, 4 kennarar, 2 námsráðgjafar, 2 bókasafnsfræðingar og ráðgjafi starfsmanna. Þátttakendur komu af ólíkum sviðum og kennslugreinum þ.e. dönsku, félagsfræði, fjölmiðlafræði, frönsku, hagfræði, íslensku, lýðræðisvitund, stærðfræði og af þjónustusviðinu. Flestir þátttakendur höfðu frumkvæði af því að sækja um Erasmus+ styrk fyrir sérstakt verkefni. Ein var valin á grundvelli frumkvöðlastarfs í starfendarannsóknum á þjónustusviðinu.

Participants feedback

Please give a summary of the feedback given by your participants and if relevant, any points for improvement and problems encountered.

Þátttakendur voru allir mjög ánægðir með námsferðir sínar og töldu sig hafa lært mikið af þeim og þær hafa ýtt undir persónulega og faglega þróun sína. Þetta kom mjög skýrt fram í kynningum þátttakenda fyrir starfsmenn á starfsdegi, á fundi í starfendarannsóknarhópnum, á fagfundum og í óformlegum samræðum á kaffistofu starfsmanna.

Könnunin meðal þátttakenda sýndi að þeir töldu að ferðirnar hafi aukið hæfni sína til að innleiða nýjungar í sinni kennslugrein, kynntust nýjum evrópskum straumum á sviði kennslufræði í sínum kennslugreinum, aðferðafræði starfendarannsókna, kennslu skapandi hugsunar, samstarfi við nemendur með ADHD og nýtingu bókasafnsins í verkefnabundnu námi. Þátttakendur telja sig hæfari til að innleiða nýjungar í skólastarfinu og til að leiða breytingastarf m.a. kennslufræðina um virkni og ábyrgð nemenda. Þátttakendur byggðu upp ný tengsl erlendis, juku þekkingu sína á menntakerfi og uppbyggingu skólastarfs í viðkomandi löndum og fengu aukna félagslega færni, sérstaklega þjálfun í samskiptum á erlendu tungumáli. Þátttakendur eflðu einnig tungumálhæfni sína í námsferðunum og starfsánægjan jókst. Ferðirnar auka samheldni hópsins og það bætir starfsandann í skólanum. Þátttakendur hafa nýtt

lærdóminn úr námsferðunum til að innleiða nýjungar í starfi með nemendum sem eflir þau sem sjálfstæða og virka námsmenn sem mun bæta námsárangur þeirra.

Learning Outcomes and Impact

Please describe, for each activity implemented, which competences (i.e. knowledge, skills and attitudes/behaviours) were acquired/improved by participants in your project? Were these in line with what you had planned? If not, please explain.

Sú þekking og reynsla sem starfsfólk Menntaskólans við Sund öðlaðist í Erasmus+ námsferðunum vikkaði sjóndeildarhring þeirra og jók almennt þekkingu þeirra og færni í starfi. Skólinn er að innleiða nýtt þriggja anna kerfi, nýja námskrár til þriggja ára stúdentsprófs og kennslufræði um virkni og ábyrgð nemenda á námi sínu. Námsferðirnar stuðluðu að því að starfsmennirnir uppgötvaðu ný tækifæri fyrir starfseminu í skólanum. Þeir hafa miðlað hluta þeirrar þekkingar til samstarfsfólksins á starfsmannafundum í vor og halda því áfram næsta haust þannig að reynsla þeirra nýtist öllum starfsmönnum og nemendum til hagsbóta. Námsferðirnar þjónuðu bæði starfsfólki á kennsluviði og þjónustusviði skólans og mikilvægt er að allir starfsmenn skólans sýni samstöðu í breytingaferlinu og taki forystu hver á sínu sviði um lýðræðislegar breytingar til að auka virkni og ábyrgð nemenda í námi sínu.

Allir þátttakendur efldu hæfni sína á sínu sérsviði sem aftur eykur hæfni þeirra til að taka virkan þátt í og vera í jákvæðu forystuhlutverki í því mikla breytingaferli sem skólinn er núna að ganga í gegnum. Námsferðirnar gáfu þátttakendum ýmsar nýjar hugmyndir sem koma sér nú vel við að útbúa fjölbreytt verkefni fyrir nemendur. Námsferðirnar stuðluðu að faglegri og persónulegri starfsþróun þátttakenda, þeir koma með nýjar hugmyndir frá Evrópu og eru tilbúnari til að leiða breytingaferlið sem skólinn er að ganga í gegnum með nýbreytni í starfi og víðari sýn á evrópska vísu. Þátttakendur efldu einnig tungumálhæfni sína og eru betur í stakk búnir fyrir áframhaldandi samstarf við kennara og annað starfsfólk í framhaldsskólum víðs vegar um Evrópu. Jákvæð reynsla af þessum námsferðum eykur einnig löngum þeirra og vilja til áframhaldandi evrópsk samstarfs sem og vilja annarra starfsmanna til þátttöku í Erasmus+ námsferðum eins og umsókn okkar fyrir skólaárið 2018-2019 sýnir mjög vel.

Þátttakendur í Research Symposium í ISP í París juku þekkingu sína í aðferðafræði starfendarannsókna og fengu fjölbreytt dæmi um starfendarannsóknir til að læra af og heimfæra yfir á sína kennslu. Mjög athyglisverðar voru t.d. þverfaglegar starfendarannsóknir um daglegar sjónvarpsfréttir nemenda og aðstoð nemenda og foreldra þeirra við flóttamannahjálpi í París. Tveir þátttakendur frá Íslandi fluttu erindi á ráðstefnunni, einn um nýja kennslufræði um virkni og ábyrgð nemenda og nýtt þriggja anna kerfi skólans og annar um starf starfendarannsóknarhópsins frá 2005-2018 og hlutverk ráðgjafans í hópnum. Þessi ferð varð til þess að einum þátttakanda hefur verið boðið á aðra Research Conference í Oak House School í Barcelona í haust til að halda erindi um starfendarannsóknir í MS og stefnt er að því að það verði upphafið af meira samstarfi á milli starfendarannsóknarhópa skólanna.

Þátttakendur í Féilte ráðstefnunni í Dublin juku þekkingu sína og skilning á þróunarstarfi kennara og fengu fjölbreytt dæmi til að vinna út frá og heimfæra upp á sína kennslu. Hæfni þeirra eykst til að byggja upp verkefnabundið nám. Einnig veitti skólaheimsóknin sýn í starf í framhaldsskóla á Írlandi og gaf hugmyndir um mikilvægi aukinna tengsla skóla við atvinnulífið og að veita nemendum tækifæri til að prófa þátttöku í því.

Námsráðgjafar skólans juku þekkingu sína og skilning á ADHD á ráðstefnu um ADHD í London, juku hæfni sína til að veita nemendum með ADHD ráðgjöf og einnig að veita kennurum ráðgjöf um hvernig best er að koma til mós við nemendur með ADHD.

Bókasafnsfræðingar bættu þekkingu sína og skilning á starfi bókasafna í Amsterdam og hæfni sína til að veita nemendum aukna þjónustu bæði á sviði upplýsingatækni, verkefnavinnu nemenda og rafrænni upplýsingaþjónustu.

Kennarar í lýðræðisvitund juku þekkingu sína og skilning á aðferðum við að kenna skapandi hugsun og juku hæfni sína til að beita þeim aðferðum í sinni kennslu og miðla þeim til annarra.

Þátttakandi á EUROCLIO í Marseilles jók þekkingu sína og hæfni í kennslufræði félagsgreina í gegnum fjölbreytt dæmi um hvernig hægt er að læra af sögunni, fjölbreytt sagnfræðileg verkefni, kynningu á nýju kennslufni og umræðum við kennara í skólaheimsóknum.

Please describe, for each activity, the methods used to evaluate learning outcomes (e.g. through reflections, meetings, monitoring of learning outcomes)?

Við nýttum könnunina sem fylgir Erasmus+ Mobility tool fyrir þátttakendur í öllum sjö námsferðunum. Könnunin er gagnleg fyrir þátttakendurna sjálfa til að setjast niður eftir ferðina og ígrunda hvað þeir hafa lært og hver áhrifin eru á þau sjálf. Niðurstöður könnunarinnar eru einnig gagnlegar fyrir skólann til að sjá áhrifin af Erasmus námsferðunum í heild.

Einnig fór mikilvægt mat fram á starfsmannafundum þegar þátttakendur kynntu námsferðirnar á ADHD ráðstefnu sem námsráðgjafar sóttu í London og Féilte ráðstefnu um starfendarannsóknir og þróunarverkefni kennara sem hópur kennara sótti í Dublin, fyrir öllum starfsmönnum skólans á starfsdögum í vor og ferðina á Research Symposium í ISP í París fyrir starfendarannsóknarhópnum í maí 2018. Á þessum fundum fóru fram gagnlegar umræður um innihald námskeiðanna og ferðanna í kjölfar vel undirbúninna kynninga ferðalanganna.

Einnig er hægt að meta árangurinn í því að eftir kynningar á námsferðunum síðustu þrjú árin þá hefur áhugi kennara á þátttöku í Erasmus+ verkefnum og öðrum erlendum samskiptum aukist mikið innan skólans. Stór umsókn var send inn fyrir Erasmus+ verkefni skólaárið 2018-2019 og við erum afskaplega ánægð og þakklát fyrir myndarlegan styrk til þess verkefnis sem ber yfirskriftina Starfspróun til að byggja upp námskraft nemenda.

Einnig taka kennarar nú meiri þátt í ýmsum öðrum erlendum verkefnum. Yfir 40 kennarar fóru í námsferð til Berlínar á vorönn 2017 og stefna á aðra námsferð 2019, MS tók á móti 23 kennurum víðs vegar frá Evrópu bæði vorið 2017 og 2018. Tveir kennarar í efnafræði og líffræði fóru á ráðstefnu um leiðsagnarmat og skólaheimsókn í Edinborg í Skotlandi í mars 2018. Ráðstefnan bar yfirskriftina the Annual Scottish Assessment Conference. Using Assessment to improve equity and attainment. Skólaárið 2017-2018 tók MS þátt í Borgaravitund og lýðræði, Nordplus samstarfsverkefni með framhaldsskólum í Svíþjóð, Finnlandi, Eistlandi og Litháen um

gagnkvæmar heilmsóknir kennara og þriggja nemenda til allra landanna. Heimasíða verkefnissins er SEEKING TOGETHER – young people's recipe for smoother integration <https://seekingtogether.wordpress.com/> Verkefnið er um flóttamenn, muninn á flóttamönnum, hælisleytendum og innflytjendum og hvernig hægt er að taka á móti flóttamönnum þannig að þeir nái að aðlagast og upplifa sig örugga í samfélaginu. Lengri hefð er fyrir námsferðum í tungumálum hjá okkur í MS. Á þessu skólaári fóru kennarar í frönsku í námsferð með nemendur til Parísar og kennarar í þýsku fóru í námsferð með nemendur til Berlínar.

Please describe any impact on the participants, participating organisations, target groups and other relevant stakeholders. In particular, how has the project improved the quality of the participating organisation' regular activities?

Skólinn hefur tvímælalaust aukið möguleika sína á samstarfi við framhaldsskóla í Evrópu mjög mikið bæði með tengingunni við International School of Paris í París og Munckross Park College í Dublin. Í kjölfar heimsókar til Parísar hefur skólinn nú hafið samstarfsverkefni við starfendarannsóknarhópinn í Oak House School í Barcelona.

Skólinn hefur einnig styrkt samstarf sitt við Euroclio um kennslu sögu og félagsgreina, bókasafnsfræðina í Hollandi og Teaching Council í Dublin. Þar hafa myndast tengsl milli einstakra kennara og annarra starfsmanna sem efla faglega hæfni þeirra, auka víðsýni og ánægju í starfi.

Við teljum að í kjölfar námsferðinna til ólíkra Evrópulanda hafi verið stigið skref í átt að fjölbreyttari kennsluháttum í skólanum og ferðirnar hafi einnig haft áhrif í þá átt að gefa okkur kjark og þor til að taka upp nýtt þriggja anna kerfi og setja kennslufræði um virkni og ábyrgð nemenda á námi sínu sem kennslufræði skólans við innleiðingu nýrrar námskrár í nýja þriggja anna kerfinu. Áherslan er á að auka virkni nemenda í náminu í gegnum fjölbreytta skapandi verkefnavinnu nemenda og leggja áherslu á að hlusta á raddir nemenda við skipulag og framkvæmd skólustarfsins til að auka frumkvæði nemenda og gera þá hæfari til virkrar lýðræðislegrar þátttöku í þjóðfélaginu.

Áhersla skólans á að minnka brotthvarf nemenda hefur aukist mikið og má það m.a. rekja til áherslna Evrópusambandsins og menntamálaráðuneytisins á þessu sviði. Skólinn hefur strax náð miklum árangri við að minnka brotthvarf nemenda eins og áður er lýst. Nú geta nemendur stjórnað sjálfir sínum námshraða mun meira en áður og þriggja anna kerfið hefur aukið þann sveigjanleika. Brotthvarfssérfræðingur hefur verið í hlutastarfi síðustu tvö skólaár í MS og útbúið handbók fyrir skólann um ráð til að minnka brotthvarf nemenda og skrifað handbók fyrir foreldra hvernig þau geta stutt börn sín í náminu. Þetta er mjög í anda hugmyndafræðinnar Building Learning Power. Sjá skýrslu og handbækur á heimasíðu skólans <https://msund.is/fraedsluefni/skyrslur/brotthvarf>.

Sumir hópanna sem fara saman í námsferðirnar eru innan eins fags eins og kennarar í lýðræðisvitund, námsráðgjafar og bókasafnsfræðingar en aðrir hópar eru þverfaglegir. Á Féilte í Dublin fóru kennarar úr íslensku, stærðfræði og stjórnun, félagsfræði og fjölmiðlafræði. Á Research Symposium í París fóru kennarar úr félagsfræði og stærðfræði, fjármálastjóri og ráðgjafi. Þessar námsferðir efla samvinnu innan deilda og efla starfsandann og samheldnina þar. Í þverfaglegum námsferðum eykst hæfni og vilji kennara fyrir þverfaglegu samstarfi sem aftur eykur skilning þeirra á starfinu í ólíkum deildum innan skólans. Þetta eflir faglegt samstarf og eykur

samhljóminn í breytingastarfinu við innleiðingu nýrrar námskrár, nýs þriggja anna kerfis og kennslufræðinnar um virkni og ábyrgð nemenda á námi sínu.

To what extent have the participating organisations increased their capacity to co-operate at European/international level?

3 To a high extent

Dissemination of Project results

Which results of your project would you like to share? Please provide concrete examples.

Á heimasíðu skólans undir Fræðsluefni - Erasmus+ eru settar upplýsingar um öll verkefni skólans sem styrkt eru af Erasmus+ bæði upplýsingar um viðkomandi stofnanir og dagskrá námskeiða og ráðstefna og þá þátttakendur sem fá styrkina. <https://msund.is/fraedsluefni/onnur-styrktarverkefni/verkefni-styrkt-af-erasmus/erasmus-verkefni-2017-2018>. Glærुकynningar um ferðirnar eru ýmist á innra neti skólans, Námsnetinu eða í sérstakri möppu á sameiginlegu tölvudrifi starfsmanna. Í vor voru þrjár kynningar á starfsmannafundum á ferðum á ADHD í London, Féilte í Dublin og Research Symposium í París.

Fjallað er um erlent samstarf og Erasmus+ verkefnið í sjálfsmatsskýrslu skólans https://msund.is/media/2018/01/30/3un8lbwuy5_Sjalfsmatsskyrsla_2016.pdf

Please describe the activities carried out to share the results of your project inside and outside participating organisations. What were the target groups of your dissemination activities?

Í maí 2018 kynntu þátttakendur á Research Symposium í ISP ferðina til Parísar á fundi starfendarannsóknarhópsins með glærum, ljósmyndum og frásögnum. Markhópurinn var þeir sem stunda starfendarannsóknir í MS. Á starfsdegi vorið 2018 kynntu þátttakendur í ferðunum á ráðstefnu ADHD í London og Féilte ráðstefnu í Dublin fyrir öllum starfsmönnum skólans með glærum, ljósmyndum og frásögnum. Markhópurinn var allt starfsfólk skólans. Á starfsdegi í upphafi haustannar er búið að skipuleggja kynningu á ferð bókasafnsfræðinga til Amsterdam og ferð lýðræðiskennara til Slóveníu á námskeið um kennslu skapandi hugsunar nemenda.

If applicable, please give examples of how the participants have shared their experience with peers within or outside your organisation.

Í maí 2018 kynntu þátttakendur á Research Symposium í ISP ferðina til Parísar á fundi starfendarannsóknarhópsins með glærum, ljósmyndum og frásögnum. Markhópurinn var þeir sem stunda starfendarannsóknir í MS. Á starfsdegi vorið 2018 kynntu þátttakendur í ferðunum á ráðstefnu ADHD í London og Féilte ráðstefnu í Dublin fyrir öllum starfsmönnum skólans með glærum, ljósmyndum og frásögnum. Markhópurinn var allt starfsfólk skólans. Á starfsdegi í upphafi haustannar er búið að skipuleggja kynningu á ferð bókasafnsfræðinga til Amsterdam og ferð lýðræðiskennara til Slóveníu á námskeið um skapandi skólastarf.

Future Plans and Suggestions

Do you intend to continue cooperating with the participating organisations in future projects? How?

Við höfum haldið áfram samstarfi við þrjár af þeim stofnunum sem við heimsóttum 2017-2018 og höfum fengið Erasmus+ styrk fyrir einu af þeim verkefnum skólaárið 2018-2019.

Við fengum upplýsingar um Féilte ráðstefnuna í Dublin um þróunarverkefni og starfendarannsóknir sem við sóttum í vetur á alþjóðlegri ráðstefnu um starfendarannsóknir CARN en til þess að sækja þá ráðstefnu fengum við styrk frá Erasmus+ 2016 og núna aftur á næsta skólaári. Stefnum á að sækja Féilte aftur í náinni framtíð.

Samstarfið við starfendarannsóknarhópinn í ISP í París mun halda áfram og nú hefur samstarfið verið útvíkkað til skóla í Barcelona á Spáni, the Oak House School <https://www.oakhouseschool.com/> ; <https://www.facebook.com/oakhouseschool> en þau hafa sama ytri ráðgjafa og ISP. Einum fulltrúa frá MS var boðið að halda erindi á Research Conference í Oak House School haustið og stefnt er að frekara samstarfi starfendarannsóknarhópanna í þessum skólum.

Tveir sögukennarar fara vorið 2019 á Euroclio námskeið til Belgíu en einn hagfræðikennari fór í vetur til Frakklands, tveir sögukennarar fóru árið áður til Spánar og fjórir félagsgreinakennarar fóru á það árið þar áður í Belfast, allir með styrk frá Erasmus+. Síðustu tvö árin hefur samstarf MS við Euroclio vera sérstaklega mikið því einn af okkar kennurum hefur verið formaður Euroclio þessi tvö skólaár. Nú er fagfélag félagsfræðikennara á Íslandi orðið meðlimur í Euroclio og þess vegna líklegt að samstarfið muni aukast á komandi árum.

Please provide any further comments you might wish to make to the National Agency or the European Commission on the management and implementation of Erasmus+ projects under the Key Action „Learning Mobility of Individuals“.

Kærar þakkir fyrir styrkinn og aðstoðina við framkvæmdina, mjög gott að leita til ykkar. Mjög gagnlegt að fá að flytja hluta styrksins á milli ferða. Kynningarfundir mjög gagnlegir. Nauðsynlegt að bæta við plássi í Mobility Tool á netinu þar sem lokaskýrslu er skilað inn til að hægt sé að skila öllum fylgiskjölum þar inn. Kærar þakkir fyrir að framlengja verkefnið til desember 2018 til að kennara kleift að fara í starfsspeglun í nóvember 2018 sem hún komst ekki í vorið 2018.

Virðingarfyllst.

Hjördís Þorgeirsdóttir,

félagsfræðikennari og verkefnisstjóri um erlent samstarf.

5. desember 2018

